

Brautarholt 30 - auglýsing

USK Skipulag <skipulag@reykjavik.is>

Thu 4/4/2024 8:47 AM

To:Íbúaráð Miðborg og Hlíðar <ibuarad.midborgoghliðar@reykjavik.is>;veitur@veitur.is <veitur@veitur.is>

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Brautarholt 30, birtist í Morgunblaðinu í dag þ.e. fimmtudaginn 4. apríl 2024. Tillagan er í kynningu frá 4. apríl 2024 til og með 23. maí 2024. Gögn er hægt að skoða á síðunni, www.skipulagsgatt.is

Brautarholt 30

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 6. mars 2024 og borgarráðs Reykjavíkur þann 14. mars 2024 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Skipholtsreits vegna lóðarinnar nr. 30 við Brautarholt. Í deiliskipulagsbreytingunni felst breyting á lóðamörkum sem færast að framhlið húss og aukning á nýtingarhlutfalli lóðar, hækkun byggingarinnar um eina hæð og nýta núverandi takmarkaðan byggingarreit á lóð fyrir svalir og sérafnotareiti við hverja íbúð á jarðhæð. Gerður verður nýr byggingarreitur á lóðinni fyrir hjóla- og vagnageymslu. Sameiginleg dvalarsvæði verða á bakhluta lóðar og á þakgarði til suðurs. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má nálgast á vefnum, www.skipulagsgatt.is. Einnig má nálgast tillöguna hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30–16:00 og föstudaga kl. 8:30–14:30 frá **4. apríl 2024 til og með 23. maí 2024**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila í gegnum þessa gátt eigi síðar en 23. maí 2024. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillöguna er hægt að senda tölvupóst á skipulag@reykjavik.is.**



Með kveðju,
Puríður María Guðmundsdóttir

skrifstofufulltrúi

Sími: +354 411 1111

Skrifstofa skipulagsfulltrúa

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12–14

105 Reykjavík

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: www.reykjavik.is/trunadur

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.